

Styrkumsóknir til borgarráðs 2017

	Tengiliður	Efni	Dags. bréfs	Sótt um kr.	Sótt um áður	Tillaga að styrk	Málsnúmer
1	Söngfuglar	Rekstur kórsins starfsárið 2016-2017	28.9.2017	100.000	Já	100.000	R17100182
2	Jólahátíð fatlaðra, Líknarfélagið Von	Jólahátíð fatlaðra 2017	27.9.2017	350.000	Já	350.000	R17090238
3	Hrönn Sveinsdóttir	Ungt fólk og alþingiskosningarnar 2017	29.9.2017	2.000.000	Nei	2.000.000	R17100116

Málsnr.: 217100182
Skjalasafn Ráðhúss
29. sep. 2017
Bréfalykill: 1252

Umsókn um styrk til Reykjavíkurborgar.

Söngfuglar, kór félagsstarfs aldraða í Reykjavík, sækir hér með um styrk til Reykjavíkurborgar. Fjárhæð kr. 100.000 eins og verið hefur.

Greinargerð um ráðstöfun styrkfjár.

Styrkþegi: Söngfuglar, kór félagsstarfs aldraða í Reykjavík.

Kennitala: 500397-2179

Sími: 487-8189

Netfang: Postur2012@gmail.com.

Heiti verkefnis: Kórsöngur.

Tímasetning: 1. sept. 2017 til 31. maí 2018.

Uppgjör: Starfsárið 2016 til 2017.

Gjöld: kr. 560.000.

Tekjur: Kórgjöld kr. 440.000, styrkur frá Borginni kr. 100.000 alls 540.000.

Stutt frásögn um verkefnið á síðasta starfsári:


Söngæfingar einu sinn í viku frá sept – maí. Alls 22 æfingar á starfsárinu.

Fara á félagsmiðstöðvar, sjúkrastofnanir og dagvistir að syngja fyrir fólkið.

Samtals 12 heimsóknir kórsins á starfsárinu.

Dags 28. 09 2017

Undirskrift Valm Benediktsson



1 af 3

Umsókn um styrk úr Borgarsjóði.

Umsækjandi: Söngfuglar, kór félagsstarfs aldraðra í Reykjavík.

Kennitala: 500397-2179.

Heimilisfang: Æfingastaður Aflagrandi 40.

Netfang: postur2012@gmail.com.

Símanúmer: 487-8189.

Póstnúmer: 104.

Staður:

Nafn ábyrgðarmanns: Margrét Björgvinsdóttir, formaður Söngfugla.

Kennitala ábyrgðarmanns: 160834-3079.

Heimilisfang ábyrgðarmanns: Sólheimar 25

Netfang ábyrgðarmanns: postur2012@gmail.com.

Símanúmer ábyrgðarmanns: 487-8189

Hlutverk ábyrgðarmanns: Hefðbundin formennska í kór.

Upphæð sem sótt er um: Krónur 200.000.

Banki: 525.

Höfuðbók: 26.

Reikningsnúmer: 3972.

Heiti verkefnis: Kórsöngur.

Lýsing á verkefni: Söngæfingar og heimsóknir á sjúkrastofnanir og félagsmiðstöðvar á starfsárinu.

Hverjir hafa helst hag af styrknum? Söngfélagar.

Hér þarf að kom fram hvort það séu

Fleiri karlar en konur Nei

Bæði kynin jafnt. Í blönduðum kór eru oftast fleiri konur en karlar.

Nær eingöngu konur. Nei

Hverjir munu vinna að verkefninu. Kórstjóri og söngfélagar.

Hér þarf að koma fram hvort það séu

Aðallega Karlar Nei.

Aðallega konur Nei.

Bæði kynin jafnt Já.

Er virk jafnréttisstefna hjá umsækjenda (ef félag, fyrirtæki eða stofnun) Já.

*Hvernig fellur verkefnið að markmiðum mannréttindastofnunar
Reykjavíkurborgar.*

Starfsemi Söngfugla er ekki á nokkurn hátt á skjön við markmið
mannréttindastofnun Borgarinnar, heldur frekar til stuðnings og uppbyggingar á
stofnunum eldri borgara í Reykjavík.

Bls. 3 af 3.

Annað sem umsækjandi vill taka fram.

Fjármögnun:

Kórgjöld kr. 2.000 pr. mán. á hvern féлага. Styrkur frá Reykjavíkurborg kr. 200.000????

Verk og tímaáætlun verksins: Kórinn starfar frá ca 15. sept. til 15. maí.

Áætlaðir tekjuliðir og upphæðir: Álíka margir greiðendur í kórnum og síðastliðið ár og svo von um styrk frá Borginni.

Er sótt um styrk hjá öðrum en Reykjavíkurborg? Nei.

Hefur Reykjavíkurborg áður synjað verkefni umsækjanda? Nei.

Hefur umsækjandi áður fengið styrk frá Borgarsjóði hvenær og ef svo er upphæð styrks.? Já. 100.000.

Annað sem umsækjandi vill taka fram.

Starfsemi Söngfugla hefur aukið lífsgæði þeirra eldri borgara sem taka þátt í kórstarfinu. Auk þess hafa heimsóknir Söngfugla á hjúkrunarheimili og stofnanir í Borginni verið heimilisfólki þar til ánægju.

Umsókn um styrk úr Borgarsjóði

Umsækjandi: Jólahátíð fatlaðra, Líknarfélagið Von

Kennitala: 506611-1700.

Heimilisfang: Hábergi 20

Netfang: sir.andrebachmann@gmail.com

Símanúmer: 897 2250

Póstnúmer: 111

Staður: Reykjavík

Nafn ábyrgðarmanns: André Bachmann

Kennitala ábyrgðarmanns: 0801494179

Heimilisfang ábyrgðaraðila: Háberg 20

Póstnúmer ábyrgðaraðila: 111 Reykjavík

Netfang ábyrgðaraðila: sir.andrebachmann@gmail.com

Símanúmer ábyrgðaraðila: 897 2250

Hlutverk ábyrgðaraðila: Stofnandi Jólahátíðar fatlaðra og formaður Líknarfélagsins Vonar

Upphæð sem sótt er um: 350.000

Banki: 0516

Höfuðbók: 26

Reikningsnúmer: 506611

Heiti verkefnis: Jólahátíð Fatlaðra 2017

Lýsing á verkefni: Í meira en þrjá áratugi hef ég staðið fyrir jólahátíð fyrir fatlaða í fyrri hluta desembermánaðar ár hvert. Í ár verður þrítugasta og fimmta jólahátíðin haldin þann 7. desember nk. á Hótel Hilton í Reykjavík. Þessar samkomur hafa unnið sér sess í samfélaginu sem ómissandi þáttur í undirbúningi á jólahaldi fyrir fatlaða.

Á þessum samkomum koma fram margir af fremstu söngvurum, tónlistarmönnum og skemmtikröftum landsins. Allir þessir aðilar koma fram og taka þátt í þessari jólagleði án þess að taka greitt fyrir framlag sitt. Uppskera þessa hátíðarhalds hefur verið gríðarlega ánægja og gleði þessa hóps sem fer venjulega á mis við svo margt sem við teljum vera eðlilegt að allir njóti í nútímasamfélagi.

En þó ekki þurfi að greiða flytjendum og stjórnendum laun þá fellur iðulega til margvíslegur kostnaður, svo sem hönnun á plakati, auglýsingar, heimildamyndataka, tækjaleiga, ásamt tæknimönnum, og annar kostnaður. Af þeim ástæðum bið ég góðfúslega borgarstjóra fyrir hönd Reykjavíkurborgar að styrkja jólahátíðina með 350.000 kr. framlagi af ráðstöfunarfé sínu.

Hverjir hafa helst hag af styrknum? Allir eru velkomnir á Jólahátíð fatlaðra og ekki er gerður greinarmunur á kyni, stétt eða stöðu. Fatlaðir og aðstandendur þeirra eru fjölmennur hópur og hátíðina sækja hátt í 2.000 manns.

Hverjir munu vinna að verkefninu? Fjöldi tónlistarmanna kemur að verkefninu og við höfum kappkostað að hafa sem flestar konur í þeim hópi.

Er virk jafnréttisstefna hjá umsækjanda? (ef félag, fyrirtæki eða stofnun). Við elskum alla, konur jafnt sem kalla.

Hvernig fellur verkefnið að markmiðum mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar?

(Mannréttindastefnu má finna hér: http://www.reykjavik.is/desktopdefault.aspx/tabid-2481/4267_view-752/)

Verkefnið fellur vel að markmiðum borgarinnar. Sbr. [Mannréttindastefnan](#) er byggð á jafnræðisreglunni og miðar að því að allar manneskjur fái notið mannréttinda án tillits til uppruna, þjóðernis, stéttar, tungumáls, litarháttar, trúarbragða, lífs-, stjórnmalaskoðana, trúleysis, kyns, kynhneigðar, kynvitundar, kyntjáningar, kyneinkenna, aldurs, fötlunar, holdafars, líkamsgerðar, heilsufars, atgervis eða annarrar stöðu.

Fjármögnun:

Verk- og tímaáætlun verkefnisins. Jólahátíðin er haldin 7. Desember. Undirbúningur hefur staðið yfir frá janúar 2017.

Áætlaðir tekjuliðir og upphæðir

Frítt er inn á hátíðina og því engar aðrar tekjur en þeir styrkir sem veittir eru hverju sinni.

André hefur greitt tap úr eigin vasa þau ár sem endar hafa ekki náð saman.

Áætlaðir útgjaldaliðir og upphæðir

Kostnaður

Tónlistarflutningur 600.000

Kostnaður vegna tónlistarmanna 250.000

Leiga á hljóðkerfi 500.000

Ýmis kostnaður 150.000

Samtals 1.500.000

Er sótt um styrki hjá öðrum en Reykjavíkurborg? Hvaða?

-Ýmsir styrktaraðilar úr atvinnulífinu

-

-

Aðrar upplýsingar:

Hefur Reykjavíkurborg áður synjað verkefni umsækjanda?

Já í nokkur skipti

Hefur umsækjandi áður fengið styrk frá Borgarsjóði hvenær og ef svo, upphæð styrks?

Ekki vitað.

Annað sem umsækjandi vill taka fram

André vill koma á framfæri þökkum til ykkar allra fyrir að hafa stutt vel við málefni fatlaðra einstaklinga í gegnum tíðina

ERINDI TIL BORGARRÁÐS

29.9.2017

EFNI: UNGT FÓLK OG ALÞINGISKOSNINGARNAR 2017

Kæra borgarráð.

Ég leita til ykkar sem forsvarsmáður hóps sem hefur áhuga á því að bæta lýðræðisþátttöku ungs fólks á Íslandi.

Fyrir síðustu kosningar vorum við með hugmynd um að virkja betur lýðræði á Íslandi og fá ungt fólk sérstaklega til að nýta sér atkvæðisrétt sinn, en það var of naumur tími til að vinna að henni þá, enda voru bara nokkrir dagar í kosningar.

Nú erum við enn og aftur að kjósa og við skynjum það öll að það er ákveðinn doði og uppgjöf ríkjandi meðal almennings, sérstaklega ungs fólks, sem ég held að upplifi að atkvæði þess skipti engu máli og það taki því ekki að setja sig inn í þetta og kjósa. Kjörsókn hefur aldrei verið minni í sögunni en í kosningunum 2016 og meðal ungs fólks minnkar hún enn meira en í öðrum aldursflokkum. Það er ekkert sem bendir til þess að það muni breytast heldur bendir margt til að þvert á móti, muni kjörsókn ungs fólks og allra kjósenda lækka enn í komandi kosningum.

Þetta er alvarlegur lýðræðishalli fyrir okkar litla þjóðfélag, því án breiðrar þátttöku allra samfélagsþegna virkar lýðræðið ekki. Úr verður einsleit framtíðarsýn og rof milli ungs fólks og stjórnmalanna. Sú staða grefur svo enn undan lýðræðinu og býr í jarðveginn fyrir öfgastefnu meðal ungs fólks sem gerir ráð fyrir því að lýðræðið sé ónýtt.

Til þess að fá ungt fólk til að kjósa þarf að fara nýjar leiðir til að vekja það til vitundar um að atkvæði þess skipti raunverulega máli. Þess vegna leggjum við til eftirfarandi sem ég held að muni gera vatnaskil í vitund og þátttöku fólks á aldrinum 18 – 25 ára í komandi kosningum. Við boðum til tónleika á kosninganótt þar sem allt fremsta og heitasta tónlistarfólk ungu kynslóðarinnar kemur fram. Það eru ekki seldir miðar á þessa tónleika, eini aðgöngumiðinn sem hægt er að nálgast, fæst gegn því að kjósa í kosningunum. Hver og einn sem vill fá aðgang að tónleikunum verður því að taka mynd af sér fyrir utan kjörstað og sýna hana við inngang á tónleikana. Þetta er líka mjög samfélagsmiðlavænt, en allt peppið og tónlistarmennirnir sjálfir munu fara mikinn á samfélagsmiðlum í aðdraganda kosninganna undir viðeigandi myllumerkjum og öðru slíku.

Það sem gerist í þessari vakningu er tvennt. Það verður til alvöru hvati, eða gulrót til að kjósa, en það veur líka ungt fólk til þess að kynna sér málið og ákveða hvað skuli kjósa. Þetta er algerlega þverpólitísk lýðræðisvakning. En svo má við það bæta að þetta verður líka afskaplega jákvætt og skapar stemningu og stuð í kringum kosningarnar og rífur þetta upp í betri hæðir. Svona átak, þegar það er orðið fyrirferðamikilið á samfélagsmiðlum gæti líka haft mikil áhrif á aðra aldurshópa og skapað skemmtilegt andrúmsloft heilt yfir í þjóðfélaginu fyrir því að kjósa. Hápunkti þess stuðs yrði svo náð þegar kosningavaka RÚV skiptir reglulega beint yfir í pakkaða tónleika á kosningavökunni.

Við sem að þessu stöndum gerum okkur grein fyrir því að það er mikið verk að vinna til að ná þessu takmarki en engu að síður er það algjörlega gerlegt. Síðustu daga höfum við verið að leita til ýmissa aðila til að sækja ráðgjöf, tölfræðilegar og hagnýtar upplýsingar. Við höfum haft samband við forsvarsmenn Valsheimilisins til að leigja það til tónleikahalds á kosninganótt og erum í samningaviðræðum varðandi hljóðkerfi, gæslu og við tónlistarmennina sjálfa.

Heildarkostnaðaráætlun verkefnisins lítur svona út:

Leiga á Valshöll með þrifum og undirbúningi til tónleikahalds: 2 mkr.
Hljóðkerfi með hljóðmönnum og flutningsbílum: 1,5 mkr.
Gæsla: 1 mkr.
Markaðssetning og annar útlagður kostnaður: 1 mkr.
Samtals: 5,5 mkr.

Framkvæmd tónleikanna og tónlistarflutningur yrði unninn í velgjörðarskyni í virkri samvinnu við allar ungliðahreyfingar flokkanna sem bjóða fram til alþingiskosninga 2017. Þetta er atburður sem gæti skráð sig á síður sögubókanna og gæti jafnvel orðið efni heimsfréttanna. Afskiptaleyfi gagnvart lýðræðislegri þátttöku er vandamál um allan heim. Okkar örsamfélag hefur staðið fyrir ýmsum samfélagsbyltingum síðustu misseri sem hafa vakið athygli og breytt heiminum í nokkur augnablik. Þetta gæti verið eitt af þeim augnablikum. Við efumst ekki um það að ef við getum fjármagnað þennan viðburð, þá myndum við eiga greiða leið að áhrifavöldum og kunnáttufólki sem myndi leggjast með okkur á áramar um að gera betra samfélag.

Við leitum nú til Reykjavíkurborgar með að styðja verkefnið um 2 mkr sem færi í að leigja Valshöllina með þeim undirbúningi sem þyrfti til tónleikahalds. Það sem uppá vantar ætlum við að dekkja með stuðningi velgjörðarfólks og fyrirtækja sem vilja styðja við verkefnið. Við finnum fyrir miklum áhuga og stuðningi við verkefnið hjá þeim sem við höfum leitað til. Stuðningur Reykjavíkurborgar myndi myndi breyta miklu í því samhengi. Við biðjum ykkur því um að íhuga ykkar stuðning við þetta átak.

Einlæglega,



Hrönn Sveinsdóttir, framkvæmdarstjóri.

Umsókn um styrk úr Borgarsjóði

Umsækjandi: VAKAN, félagasamtök

Kennitala: 461017-1260

Heimilisfang: Hringbraut 102, 101 Reykjavík

Netfang: avokunni@gmail.com

Símanúmer: 6985186

Póstnúmer: 101

Staður: Reykjavík

Nafn ábyrgðarmanns: Hrönn Sveinsdóttir

Kennitala ábyrgðarmanns: 250777 5159

Heimilisfang ábyrgðaraðila: Hringbraut 102

Póstnúmer ábyrgðaraðila: 101

Netfang ábyrgðaraðila: hronn@bioparadis.is

Símanúmer ábyrgðaraðila: 6985186

Hlutverk ábyrgðaraðila: Stjórnarformaður

Upphæð sem sótt er um: 2.000.000

Banki: Sótt hefur verið um bankareikning, upplýsingar um hann verða komnar 12. október.

Höfuðbók:

Reikningsnúmer:

Heiti verkefnis: Vakan 2017

Lýsing á verkefni:

Vakan er nýstofnaður áhugahópur um stórauðna kjörsókn ungs fólks í alþingiskosningunum. Kjörsókn á Íslandi hefur farið minnkandi síðustu ár, og í kosningunum 2016 var kjörsókn Íslendinga sú dræmasta í sögu lýðveldisins. Þar er kjörsókn ungs fólks (18 - 25 ára) áberandi verst.

Til þess að breyta þessu stendur Vakan fyrir viðburði á kosninganótt þar sem allt heitasta og vinsælasta tónlistarfólk ungu kynslóðarinnar kemur fram. Eina leiðin til að fá aðgöngu á viðburðinn er að hafa kosið í kosningunum og sannar fólk þátttöku sína annað hvort með sjálfu fyrir utan kjörstað eða gegn miðum sem verða afhentir á kjörstað. Við hvetjum svo ungt fólk að deila þátttöku sinni undir viðeigandi myllumerkjum og skapa góða og skemmtilega stemningu fyrir því að kjósa og fagna saman á kosninganótt.

Við sem að þessu stöndum tengjumst engum flokkum eða pólitískum öflum. Okkar takmark er að koma ungu fólki á kjörstað, sama hvaða flokk það ætlar að kjósa. Við ætlum að reyna að auka þátttöku ungs fólks um 10% eða fá 3.200 nýja kjósendur á aldrinum 18 - 25 ára til að taka þátt.

Við munum bjóða ungliðahreyfingum allra flokka sem bjóða fram til alþingiskosninga að taka þátt í að kynna þennan viðburð og nýta hann í að kynna sín stefnumál fyrir ungu fólki. Við ætlum að fara mikinn á samfélagsmiðlum í aðdraganda kosninga og hvetja ungt fólk til að kjósa og koma með okkur á vökuna. Við ætlum að reka jákvæða og skemmtilega herferð og viljum brýna það fyrir stjórnmalaflokkunum um að nýta þetta tækifæri til að skapa málefnalega og góða umræðu meðal ungs fólks.

Við óskum eftir stuðningi Reykjavíkurborgar við þetta þarfa átak og sækjum hérmeð um 2.000.000 króna framlag til að standa straum af húsaleigu á Valsheimilínu. Við erum að fjármagna leigu á hljóðkerfi, gæslu og öðrum útlögðum kostnaði með frjálsum framlögum. Öll framkvæmdastjórn, tónlistarflutningur og vinna við viðburðinn er unnin í sjálfböðastarfi.

Hverjir hafa helst hag af styrknum?

Þeir sem hafa hag af styrknum eru bæði kynin jafnt þar sem við erum að fara að hvetja allt ungt fólk sem er komið með kosningarétt til að kjósa.

Hverjir munu vinna að verkefninu?

Þeir sem vinna að framkvæmd verkefnisins eru aðallega konur, enn sem komið er, en við erum líka að njóta liðsinnis listamanna og fagfólks, þar sem karlmenn eru í meirihluta.

Er virk jafnréttisstefna hjá umsækjanda? (ef félag, fyrirtæki eða stofnun)

Já. Vakan, félagasamtök um aukna kjörsókn ungs fólks hefur það að markmiði að allir geti tekið þátt í starfi félagsins ef þeir styðja okkar yfirlýsta markmið um að hvetja ungt fólk til að kjósa. Allir eru velkomnir í félagið án tillits til aldurs, kyns, kynhneigðar, kyngervis, trúarbragða, holdafars, uppruna, kynþáttar, stéttar, tungumáls eða stjórnmálaskoðana.

Hvernig fellur verkefnið að markmiðum mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar?

Verkefnið fellur mjög vel að mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar þar sem við erum hvetja alla unga kjósendur til að nýta kosningarétt sinn og haf áhrif á samfélagið sitt sem þátttakendur.

Fjármögnun:

Verk- og tímaáætlun verkefnisins

2. - 6. október : undirbúningur, fjármögnun, fundir með samstarfsaðilum og áætlanagerð.

9. - 13. október: dagskrá tilbúin, formlegir fundir með ungliðum, kjörstjórnnum og fleiri samstarfsaðilum, verkefnið kynnt í fjölmiðlum og samfélagsmiðlaátak fer af stað.

16. - 20. október: kynning heldur áfram í fjölmiðlum og á samfélagsmiðlum, skipulag varðandi tæknileg atriði. ráðning sjálfboðaliða.

23. - 27. október: lokahnykkur kynningarátaks í öllum miðlum, skipulag varðandi kjörfundi og viðburðinn klárað á öllum vígstöðvum.

28. október: Kjördagur. Útdeiling á aðgangsmiðum og viðburður um kvöldið.

30. október - 3. nóv: frágangsvika.

Áætlaðir tekjuliðir og upphæðir:

Styrkur frá Reykjavíkurborg	2.000.000
Listaverkauppboð	4.000.000
Frjáls framlög	1.000.000
Samtals	7.000.000

Áætlaðir útgjaldaliðir og upphæðir

Leiga á Valshöllinni:	2.000.000
Hljóðkerfi og svið	1.790.323
Gæsla	1.193.548
Kynningarkostnaður	500.000
Leyfi og gjöld	500.000
Annar útlagður kostnaður	1.000.000
Samtals	6.983.871

Er sótt um styrki hjá öðrum en Reykjavíkurborg? Hvaða?

Já, við leitum ýmissa fyrirtækja og velgjörðafólks um kostun og stuðning við átakið. Listinn af fólki og fyrirtækjum er í vinnslu.

-

-

Aðrar upplýsingar:

Hefur Reykjavíkurborg áður synjað verkefni umsækjanda?

Nei.

Hefur umsækjandi áður fengið styrk frá Borgarsjóði hvenær og ef svo, upphæð styrks?

Nei.

Annað sem umsækjandi vill taka fram

VAKAN 2017 er viðburður sem gæti skráð sig á síður sögubókanna og gæti jafnvel orðið efni heimsfrétta. Afskiptaleysi gagnvart lýðræðislegri þátttöku er vandamál um allan heim. Okkar örsamfélag hefur staðið fyrir ýmsum samfélagsbyltingum síðustu misseri sem hafa vakið athygli og breytt heiminum í nokkur augnablik. Þetta gæti verið eitt af þeim augnablikum. Við höfum fundið fyrir miklum meðbyr frá fagfólki og kunnáttufólki sem við leggjast með okkur á árarnar um að gera gott átak sem stuðlar að bættu samfélagi og betra viðhorfi gagnvart lýðræðislegri þátttöku.